

Mál nr. 153/2007

M

og

Vátryggingafélagið V h.f. v. A, B og C

Árekstur bifreiða þegar ökumaður stöðvaði bifreið sína án tilefnis þ. 12.6.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.8.2007 ásamt athugasemdum og afstöðumynd.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 527/07
3. Lögregluskýrsla dags. 12.6.2007 ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

A, B og C óku eftir Bústaðavegi í sömu átt og var A fremst þá B og loks C. Ökumaður A segist hafa verið að koma að umferðarljósum þegar hann hafi allt í einu ákveðið að bremsa án þess að gera sér grein fyrir hvers vegna en hann hafi ekki verið búinn að stöðva A alveg þegar B ók á A. Ökumaður B segist hafa verið að fylgjast með umferðarljósum þegar hann sá allt í einu að A var búin að stöðva og hann ekið B á A. Ökumaður C segir að bifreið sín hafi ekki orðið fyrir skemmdum en A og B urðu fyrir skemmdum. Ökumaður C segist hafa verið að fylgjast með umferðarljósum þegar hún fann allt í einu högg þegar hún ók á B. Ökumönnum A og B ber saman um að þeir hafi áður en umræddur árekstur varð ekið á um 40-50 km. hraða

Álit.

Ökumaður A stöðvaði á fjölfarinni götu án nokkurs tilefnis í umrætt sinn og ber því sök á því að B ók aftan á A. Miðað við aðstæður er ekki ástæða til að skipta sök eða leggja hluta sakar á B. Ökumaður C ber í lögregluskýrslu að hún hafi ekki vitað fyrr en árekstur varð þegar hún óka aftan á B þykir ökumaður C því bera sök á afturtjóni B.

Niðurstaða.

A ber afturtjón sitt sjálfur og framtjón B. C ber sök á afturtjóni B.

Reykjavík 11.9. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.